

**From:** Pála Hallgrímsdóttir <[pala@snorri.is](mailto:pala@snorri.is)>  
**Sent:** mánudagur, 30. maí 2022 14:25  
**To:** Garðabær <[gardabaer@gardabaer.is](mailto:gardabaer@gardabaer.is)>  
**Subject:** Erindi: Móttaka starfsnema 2022

Góðan dag,

Með þessu bréfi óska ég undirrituð eftir að tekið verði á móti þátttakanda í Snorraverkefninu sumarið 2022 en aðkoma sveitarfélaga hefur frá upphafi þess árið 1999 skipt sköpum fyrir verkefnið bæði fjárhags- og framkvæmdalega. Yfir 40 sveitarfélög hafa tekið þátt og hafa þátttakendur undantekningalaust hlotið góðar móttökur.

Sumarið 2022 mun 22 manna hópur ungmenna af íslenskum ættum á aldrinum 20 – 30 ára koma hingað til lands frá Kanada og Bandaríkjunum til að kynnst rótum sínum. Markmið verkefnisins er að styrkja tengsl afkomenda Íslendinga í Norður-Ameríku við Ísland og hvetja unga Vestur-Íslendinga til að varðveita og rækta íslenskan menningar- og þjóðararf sinn. Snorraverkefnið er samstarfsverkefni Þjóðræknisfélags Íslendinga og Norræna félagsins og stendur yfir í 5 vikur, eða frá 12. júní – 15. júlí 2022 og skiptist í þrjá hluta:

- I. Tveggja vikna menningar- og námsdagskrá í Reykjavík í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Einnig er boðið upp á léttu kvöld- og helgardagskrá.
- II. Dvöl í tvær vikur í heimabyggð forfeðra/-mæðra. Starfskynning hjá fyrirtæki eða sveitarfélagi á svæðinu í allt að tvær vikur. Hér er lögð áhersla á að þátttakendur fái að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og fjölskyldulífi, þannig kynnist þeir landi og þjóð á dýpri hátt.
- III. Vikulöng landkynningarferð um merkisstaði í náttúru Íslands þar sem gist er í svefnpokaplássu vítt og breytt um landið. Í lokin kynna þátttakendur lokaverkefni sín í útskriftarathöfn.

Lögð er áhersla á að ungmennin dvelji hjá ættingjum á landsbyggðinni eða höfuðborgarsvæðinu og er einn þátttakandi sem kemur til með að vera í heimabyggð ykkur. Garðabæ. **Við óskum því eftir að:**

- Sveitarfélagið styrki verkefnið um allt að *kr. 100.000.-* og/eða taki einn þátttakanda í starfsþjálfun yfir tveggja vikna tímabil sem hefst **mánudaginn 27. júní 2022 og stendur til fimmtudagsins 7. Júlí**. Oft hafa þeir hjálpað til í vinnuskólanum eða það sem hentar hverju sinni. Til dæmis á söfnum, bókasöfnum, leikskólum, ef þið eruð með tólmstundarnámskeið á vegum bæjarfélagsins eða viðburðum. Þetta er hugsað sem kynning á starfsumhverfi á Íslandi fyrir Vestur-Íslendingana sem langar að kynnast íslensku samfélagi á dýpri hátt.

Þátttakendur þurfa ekki atvinnuleyfi, enda er um starfsþjálfun að ræða og greiðir Snorraverkefnið fyrir ferðir til og frá svæðinu, vasapening og tryggingar.

Þátttaka ungmenna í Snorraverkefninu hefur reynst árangursrík leið til að færa verðmætan menningararf til nýrrar kynslóðar og eru margir orðnir virkir í sínu Íslendingafélagi í Vesturheimi. Þessi arfur er hluti af sögu okkar og menningu sem okkur ber skylda til að varðveita. Auk þess er Snorraverkefnið gífurleg landkynning og snertir líf tuga fólks á ári hverju og iðulega heimsækja ættingjar ungmennanna það svæði sem dvalið var á síðar og margir hverjir ákveðið að flytja hingað til lands í kjölfarið.

Það er von mín að þið getið tekið þátt í þessu jákvæða verkefni með okkur. Ef óskað er frekari upplýsinga um þessa starfsemi verða þær góðfúslega veittar. Heimasíða verkefnisins er [www.snorri.is](http://www.snorri.is) en yfir 300 hafa tekið þátt í verkefninu frá upphafi– með góðum árangri og dýrmætum menningar tengslum.

Með von um jákvæð viðbrögð og hlýrri sumarkveðju,  
Pála

**Pála Hallgrímsdóttir**  
Verkefnastjóri | Project Manager  
+354 8240850  
[pala@snorri.is](mailto:pala@snorri.is)



